

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalka sorpeýðingarstöð sf. Helgúvík, Berghólabraut



Dags eftirlits	9.11.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Kalka sorpeýðingarstöð sf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Berghólabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5312780469	Flokkur	verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Steinþór Þórðarson	ÍSAT nr.	38.21.0,38.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ingbór Karlsson	Staðsetning	325484,211 396471,342

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit er varða: 1) Grænu bókhaldi (auk ársyfirlits í heild sbr. 5.1 í starfsleyfi) og útstreymisbókhaldi var skilað eftir að skilafrestur var liðinn. 2) Magn brennanlegs sóttmengaðs úrgangs er umfram heimild í starfsleyfi og 3) losun á brennisteinsdíoxíði (SO₂) fór fjórum sinnum yfir losunarmörk árið 2023.

Ein ábending er lögð fram vegna vegna skráninga á úrgangstölum í gagnagátt Umhverfisstofnunar

Grænu bókhaldi var skilað 26. júlí 2023 og útstreymisbókhaldi var skilað 30. júní 2023. Öllum skráningum var skilað eftir eftirlit.

Leiðbeiningar vegna árskýrslu er að finna undir "önnur atriði".

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í móttöku-, flokkunar- og brennslustöðina Kólku sorpeýðingarstöð sf. í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Starfsleyfi rekstraraðila var síðast uppfært þann 18. janúar 2021 og gildir til 21. september 2032. Umfang starfseminnar miðast við móttöku á 25.000 tonnnum af úrgangi á ári. Heimild til brennslu er 1,7 tonn / klukkustund af brennanlegum úrgangi miðað við orkuinnihald 12.500 kJ/kg. Í starfsleyfi eru gerð nánari skil á heimild starfseminnar, en sérstaklega eru skilgreindar heimildir á þyngd sem brenna má af sóttmenguðum sjúkrahúsúrgangi og miðast við 400 tonn/ári að undanskildum smitefnum í flokki A sbr. reglur Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (Viðauki 2). Hámarks þyngd spilliefna til brennslu miðast við 1000 tonn/ári.

Dagskrá eftirlits var eftirfarandi:

- Almenn kynning
 - Verklag og rekstur sorpeýðingarstöðvarinnar
 - Mælingar og vöktun, viðhald og innra eftirlit
 - Fyrirhugaðar breytingar á rekstri ef við á
- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið
- Innra eftirlit, skráningar og niðurstöður mælinga
- Kynning á breyttu fyrirkomulagi eftirlita Umhverfisstofnunar
- Kynning á breyttri gjaldskrá Umhverfisstofnunar
- Kynning áhersluverkefnis um mengaðan jarðveg
- Skoðunarferð í stöð

Samtals tók Kalka á móti 20.226,292 tonnnum af úrgangi til meðhöndlunar árið 2022. Samkvæmt skráningum í gagnagrunn Umhverfisstofnunar þá voru 11.076,93 tonn skráð til brennslu árið 2022. Árið áður voru skráð 12.742,39 tonn til brennslu og þar af er árlegur samdráttur í brennslu

um 1.665,46 tonn eða 13%. Stærsti liðurinn sem fellur til í brennslu tilheyrir blönduðum, óskilgreindum úrgangi um 43,4% og blönduðum heimilísúrgangi, um 40,06%. Pappírs- og pappa úrgangur eru um 5,6%, spilliefnaúrgangur frá heilbrigðisstofnunum 4,44%. Annar úrgangur sem skráður er frá heilbrigðisstofnunum er smávægilegur miðað við heildarmagn eða 0,06%. Af því tilheyrir 2,89% til spilliefnaúrgangs og 2,46% til úrgangs vegna dýrahæja. Aðrir liðir eru undir 1%. Árið 2022 voru brennd 491,40 tonn af sóttmenguðum úrgangi frá sjúkrastofnunum, hámarkið er 400 tonn á ári. Við eftirlit sér rekstraraðili að líkur séu á að magn á þessum úrgangi fari umfram heimild vegna ársins 2023. Hefur rekstraraðili leitað til starfsleyfagerðar Umhverfisstofnunar vegna þess.

Rekstraraðili bauð hluteigandi heilbrigðisnefnd á samráðsfund samfara eftirliti en ekki tókst að koma á slíkum fundi af hálfu Heilbrigðisnefndar Suðurnesja. Á fundi sátu Steinþór Þórðarson og Ingbór Karlsson fyrir hönd rekstraraðila, Halla Margrét Viðarsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir fyrir hönd Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili áætla engar stórtækar breytingar í rekstri. Þróun á skráningahugbúnaði stendur yfir ásamt því er eðlilegt viðhald í stöðinni, m.a. á þaki. Rekstraraðili tilkynnir Umhverfisstofnun ef einhverjar bilanir verða eða komi til rekstrarstöðvunar. Staðfestist í eftirliti að Kalka fylgir eftir mælingum í vöktunaráætlun. Árið 2022 átti að vera mælt magn þungmálma og díoxíns/fúrana í jarðvegi, samkvæmt vöktunaráætlun eru þessar mælingar gerar á fimm ára fresti. Voru þær mælingar framkvæmdar þann 23. september 2022 af Hafrannsóknarstofnun. Þungmálmar voru mældir af Hafrannsóknarstofnun og díoxín/fúrón erlendis.

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og eftir eftirlit bærust eftirlitsaðila uppfærð áætlun um viðbrögð við bráðamengun og rekstrarstöðvun, afrit af ábyrgðartryggingu sbr. gr. 2.10 í starfsleyfi. Rekstraraðili sendi einnig eftirlitsaðila afrit af niðurstöðum á mælingum á útskolunareiginleikum ösku frá brennslustöðinni frá árunum 2010, 2019, 2020 og 2023.

Eftir eftirlit, skilaði rekstraraðili sísmælingum á útstreymi ársins 2022. Fyrir liggja mælingar vegna fyrri hluta ársins 2023. Samkvæmt úblástursmælingum vegna fyrri part ársins 2023, fer losun á brennisteinsdíoxíði (SO₂) yfir losunarmörk (dagana: 9. feb., 17. feb., 20. feb og 23. feb.). Telur eftirlitsaðili að best sé að skila inn sísmælingum á útblæstri 2x á ári í stað 4x. Þörf á því skal metin eftir atvikum og gæti þörf á því breyst, aftur á móti ber rekstraraðili alltaf ábyrgð á að fylgjast með útblæstri reglulega. Var sísmælubúnaðurinn kvarðaður í september 2022. Verkís tók saman mælingar á útblæstri úr reykháfi. Engar athugasemdir eru gerðar vegna þeirra. Frárennslismælingum hefur verið skilað, og eru niðurstöður þeirra innan marka.

Gengið var um stöðina og fór rekstraraðili yfir starfsemi hennar með eftirlitsaðila. Er stöðin afgirt og er skipulega gengið frá úrgangi á móttöku og flokkunarsvæði. Árið 2022 sendi rekstraraðili inn úrbótaáætlun vegna frávíks í eftirliti sem kom fram það sama ár. Varðaði frávikið aðgengi að athafnasvæði rekstrarsvæðis, þ.e. við Berghólabraut 7 og 7a. Endurnýja átti girðingar við þessar lóðir. Ekki er tilefni til athugasemda eftir vettvangsskoðun á aðgengi að starfssvæði rekstraraðila og því frávíkinu lokið.

Frávik frá

Lýsing á frávíki

grein 1.2 í starfsleyfi, lið nr. 4.

Heimild starfsleyfis heimilar brennslu á 400 tonnum af sóttmenguðum sjúkrahúsúrgangi á ári að undanskyldum smitefnum í flokki A sbr. reglur Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (Sjá nánar í Viðauka 2). Árið 2022 voru brennd 491,4 tonn af sóttmenguðum úrgangi frá sjúkrastofnunum.

grein 5.4. í starfsleyfi, sbr. VI. viðauka 29 gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá

Losunarmörk fyrir mengunarefni í útblæstri eru skilgreind í starfsleyfi og miðast við að útblástur á brennisteinsdíoxíði fari ekki yfir 50 mg/m³ úr

atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit

samfelldri daglegri mælingu miðað við stöðluð skilyrði. Samkvæmt úblástursmælingum vegna fyrri part ársins 2023, fer losun á brennisteinsdíoxíði (SO₂) yfir losunarmörk (dagana: 9. feb., 17. feb., 20. feb og 23. feb.).

grein 5.7. í starfsleyfi (ásamt tilvísun í gr. 5.5):

Rekstraraðila ber að skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingar um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, skilafrestur er 1. maí fyrir undangengið almanaksár.

Umhverfisupplýsingum var skilað eftir að skilafrestur var liðinn.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila ber að skrá magn og tegundir alls úrgangs sem tekið er á móti og hvernig ráðstöfun og meðhöndlun þess úrgangs er (sjá nánari umfjöllun í gr. 4.1 í starfsleyfi). Skráningar í gagnagátt sýna ekki yfirlit yfir þann úrgang sem tekið er á móti umfram það sem brennt er. Fékk rekstraraðili leiðbeiningar fyrir skráningar í gagnagátt Umhverfisstofnunar, vegna skila á úrgangstölum til hliðsjónar fyrir næstu skil.

ANNAÐ

Í starfsleyfi, gr. 5.5 er tekið fram:

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðila er heimilt að vísa í skýrslu um umhverfisupplýsingar eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður, þ.e. niðurstöður sem eru settar fram í gr. 5.1, 5.2 og 5.3.

Eftirlitsaðili bendir á að taka þarf saman yfirlit yfir skráningar sbr. kafla 5.1 (og 4.1) og hafa allar upplýsingar aðgengilegar í einni ársskýrslu sem sendist á eftirlitsaðila, þ.m.t. fylgigögn eins og niðurstöður sýnatakna sem á við um það rekstrarár. Skila þarf þeirri skýrslu árlega ásamt umhverfisupplýsingum sbr. gr. 5.7, fyrir 1.maí hvert ár vegna undangengins almanaksárs.

Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um umhverfisupplýsingar, ef þar eru að finna ofangreindar niðurstöður. Ef skráningar á þeim liðum koma ekki fram skýrslunni, má vísa í hvar og hvenær þeim upplýsingum hefur verið skilað í þeirri ársskýrslu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

